

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 18. desember 2018.

Mál nr. 846/2018:

Trausttak ehf.

(Páll Rúnar M. Kristjánsson lögmaður)

gegn

Þjóðskrá Íslands

(Ólafur Helgi Árnason lögmaður)

og

Reykjavíkurborg

(Ebba Schram lögmaður)

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómaramirnir Ragnheiður Bragadóttir, Sigurður Tómas Magnússon og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Sóknaðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 12. nóvember 2018 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 21. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. október 2018, í málinu nr. E-408/2018, þar sem máli sóknaðila gegn varnaraðilum var vísað frá dómi og honum gert að greiða varnaraðilum málskostnað. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
- 2 Sóknaðili krefst þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Til vara krefst hann þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi að því er varðar varnaraðila, Þjóðskrá Íslands, og að lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar að því leyti. Sóknaðili krefst kærumálskostnaðar í báðum tilvikum.
- 3 Varnaraðilar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Niðurstaða

- 4 Fallist er á með héraðsdómi að dómkröfur sóknaðila á hendur varnaraðilum sé ekki að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings og því hafi ekki verið fullnægt skilyrðum 1. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 til að stefna þeim báðum til samlagsaðildar í málinu. Sóknaðili hefur á hinn bóginn sett fram þá varakröfu fyrir Landsrétti að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi að því er varðar varnaraðilann, Þjóðskrá Íslands, og að lagt verði fyrir héraðsdóm að taka málið til meðferðar að því leyti. Verður að líta svo á að með framangreindri varakröfu hafi sóknaðili í raun fallið frá kröfum sínum á hendur varnaraðilanum, Reykjavíkurborg. Eins og hér stendur á

verður ekki fallist á með varnaraðilanum, Þjóðskrá Íslands, að leiðrétting á aðild málsins sé of seint fram komin, enda ekki sýnt fram á að vörnum kunni að verða áfátt af þessum sökum. Með því að dómkröfur og málatilbúnaður sóknaraðila á hendur varnaraðilanum, Þjóðskrá Íslands, er ekki að neinu leyti samþættur dómkröfum og málatilbúnaði hans á hendur varnaraðilanum, Reykjavíkurborg, og því skýr að því leyti þykir rétt að fallast á varakröfu sóknaraðila fyrir Landsrétti. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi að því er varðar varnaraðilann, Þjóðskrá Íslands, og er lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar að því er hann varðar. Niðurstaða hins kærða úrskurðar um að vísa dómkröfum sóknaraðila á hendur varnaraðilanum, Reykjavíkurborg, frá héraðsdómi verður hins vegar staðfest með þeim hætti er greinir í úrskurðarorði.

- 5 Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað er staðfest.
- 6 Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðilanum, Reykjavíkurborg, kærumálskostnað eins og nánar greinir í úrskurðarorði.
- 7 Rétt þykir að sóknaraðili og varnaraðilinn, Þjóðskrá Íslands, beri hvor sinn kostnað af rekstri málsins fyrir Landsrétti.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi að því er varðar varnaraðilann, Þjóðskrá Íslands, og er lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar að því er hann varðar.

Dómkröfum sóknaraðila, Trausttaks ehf., á hendur varnaraðilanum, Reykjavíkurborg, er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað er staðfest.

Sóknaraðili, greiði varnaraðilanum, Reykjavíkurborg, 350.000 krónur í kærumálskostnað.

Kærumálskostnaður á milli sóknaraðila og varnaraðilans, Þjóðskrá Íslands, fellur niður.

Rétt endurrit staðfestir
Gjald: 500 kr.

